

## Tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun Odda bs. 2018

Tillaga að viðauka 1 gerir ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði að fjárhæð kr. 8.780. þús. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 2.920 þús, laun hækki um 10.600 þús, annar rekstrarkostnaður lækki um 3.400 þús, innri leiga hækki um 1.000 þús og vaxtagjöld hækki um 3.500 þús.

	<b>Tekjur</b>	<b>Laun</b>	<b>Annar rekstrarkostn.</b>	<b>Innri leiga</b>	<b>Vaxtagjöld</b>	<b>Samtals</b>
Sameiginlegur kostnaður	0	0	2.500.000	0	0	<b>2.500.000</b>
Grunnskólinn Hellu	0	4.500.000	-2.500.000	0	0	<b>2.000.000</b>
Mötuneyti Hellu	-700.000	0	0	0	0	<b>-700.000</b>
Skóladagheimili	-320.000	-2.400.000	-200.000	0	0	<b>-2.920.000</b>
Laugalandsskóli	-3.500.000	1.000.000	0	-560.000	0	<b>-3.060.000</b>
Mötuneyti Laugalandi	300.000	0	0	0	0	<b>300.000</b>
Heklukot	800.000	5.000.000	-1.000.000	2.140.000	0	<b>6.940.000</b>
Leikskólinn Laugalandi	500.000	2.500.000	-2.200.000	-580.000	0	<b>220.000</b>
Vaxtagjöld	0	0	0	0	3.500.000	<b>3.500.000</b>
<b>Samtals</b>	<b>-2.920.000</b>	<b>10.600.000</b>	<b>-3.400.000</b>	<b>1.000.000</b>	<b>3.500.000</b>	<b>8.780.000</b>

### Sameiginlegur kostnaður:

Hækkun á sameiginlegum kostnaði kemur til vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð. Gjaldfærsla á árinu er ca 3,1 milljón en má móti er gert ráð fyrir að annar sameiginlegur kostnaður verði lægri en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Kostnaður vegna endurskoðunar vegur þar stærst, en gera má ráð fyrir að hann verði u.þ.b. 500 þús lægri en áætlað var.

### Grunnskólinn Hellu/mötuneyti/skóladagheimili:

Áætlað að launakostnaður skólans hækki um 4,5 milljónir. Þar kemur m.a. eingreiðsla vegna kjarasamninga við kennara til hækkunar. Svo og auka 1,2% hækkun sem kom frá áramótum á starfsmenn í FOSS. Hins vegar er gert ráð fyrir að launakostnaður í skóladagheimili verði 2,4 milljónum lægri en áætlað var. Það liggur í tilfærslu stöðugilda milli skóla og skóladagheimilis. Gert er ráð fyrir að tekjur mötuneytis verði 700 þús hærri en áætlað var og tekjur í skóladagheimili 320 þús hærri en áætlað var. Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður grunnskólans og skóladagheimilis verði samtals 2,7 milljónum lægri en áætlað var. Samtals er því um að ræða kostnaðarlækkun um 1.620 þús.

### Laugalandsskóli:

Gert er ráð fyrir auknum tekjum 3,5 milljónir hjá Laugalandsskóla vegna barna úr öðrum sveitarfélögum. Gert er ráð fyrir að tekjur mötuneytis verði 300 þús lægri en áætlað var. Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði 1 milljón hærri en áætlað var vegna eingreiðslu og auka hækkunar hjá FOSS. Gert er ráð fyrir að innri leiga verði kr. 560 þús lægri en áætlað var. Samtals lækkun á kostnaði um 2.760 þús.

**Heklukot:**

Gert er ráð fyrir að tekjur verði 800 þús lægri en áætlað var. Gert er ráð fyrir auknum launakostnaði að upphæð 5 milljónir. Auka hækkun um 1,2% hjá FOSS frá áramótum. Auk þess hefur verið töluvert um veikindaforföll til lengri tíma sem hefur þurft að leysa með auka starfsfólki. Gert er ráð fyrir að innri leiga hækki um 2.140 þús en annar rekstrarkostnaður lækki um 1 milljón. Samtals kostnaðarauki um 6.940 þús.

**Leikskólinn Laugalandi:**

Gert er ráð fyrir að tekjur verði 500 þús lægri en áætlað var. Launakostnaður hækkar um 2,5 milljónir. Þar er þessi auka hækkun hjá FOSS, veikindaforföll og fl. sem veldur. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði 2,2 milljónum lægri. Matarliðurinn vegur þar mest, ca. 1,3 milljónir. Gert er ráð fyrir að innri leiga verði 580 þús lægri en áætlað var. Samtals kostnaðarauki um 220 þús.

**Fjármagnsliðir:**

Gert er ráð fyrir auknum fjármagnskostnaði um 3,5 milljónir vegna vaxta af láni sem tekið var vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð.

**Fjármögnun viðauka:**

Viðaukinn er að fullu fjármagnaður með framlögum sveitarfélaganna.

Framlag Rangárþing ytra eykst um kr. 7.388.132 og framlag Ásahrepps eykst um kr. 1.391.868.

	<b>Hlutur RY</b>	<b>Hlutur Ásahrepps</b>
Sameiginlegur kostnaður	2.119.390	380.610
Grunnskólinn Hellu	1.702.970	297.030
Mötuneyti Hellu	-596.040	-103.960
Skóladagheimili	-2.486.337	-433.663
Laugalandsskóli	-2.605.545	-454.455
Mötuneyti Laugalandi	255.446	44.554
Heklukot	5.845.788	1.094.212
Leikskólinn Laugalandi	185.313	34.687
Vaxtagjöld	2.967.146	532.854
<b>Samtals</b>	<b>7.388.132</b>	<b>1.391.868</b>

**Skiptihlutfall miðað við fjölda nemenda 1. okt 2017.**

Sameiginlegur kostnaður:

84,78% Rangárþing ytra

15,22% Ásahreppur

Grunnskólar:

85,15% Rangárþing ytra

14,85% Ásahreppur

Leikskólar:

84,23% Rangárþing ytra

15,77% Ásahreppur